

Fundargerð héraðsfundar Suðurprófastsdæmis 2. apríl 2022

haldinn á Hótelu Stracta, Hellu og hófst kl. 11.00

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis árið 2022 var haldinn á Hótelu Stracta, Hellu, laugardaginn 2. apríl 2022 og hófst kl. 11.00.

Áður en gengið var til dagskrár leiddi sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir sóknarprestur í Odda helgistund. Prófastur sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir stýrði fundi og sr. Axel Árnason Njarðvík var fundarritari.

Yfirlitsskýrsla prófasts

Í upphafi orða sinna þakkaði Halldóra Þorvarðardóttir prófastur sr. Elínu hennar fallegu orð til fundarfólks. Þá rifjaði hún upp hvernig flestir trúðu því í haust að þá væru covid- tímar á enda runnir að mestu, en það gekk ekki alveg eftir, - við fengum þó haustið til að messa og sinna safnaðarstarfi, sagði hún, en síðan var skellt í lás að nýju og enn ein aðventan og jólin og áramót liðu án helgiholds í kirkjunum okkar. En, nú trúum við því að þessir tímar séu að baki og lítum við í mikilli bjartsýni til næsta hausts og þá getum við að alefli horfið til okkar hefðbundnu verkefna og starfs.

Hún nefndi hvernig allir lögðust á eitt og létu hlutina ganga. Þegar litið er um öxl og horft yfir prófastsdæmið í þessum aðstæðum þá blasir það við, að þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni þá var víða vel unnið og af mikilli hugmyndaauðgi og dugnaði. Vildi hún því nota þennan vettvang til að þakka það dugmikla starf allt saman.

Viðhald og endurbætur á bæði kirkjum og gördum væru sístæð verkefni og víða hefur tíminn verið notaður til slíks. Og það hafa skýrslur sóknanna sýnt í gegnum árin hversu sóknarfólki er annt um ásigkomulag kirkna sinna og umhverfis og sinnt viðhaldi og endurbótum eins og kostur er.

Hún áréttaði að á þessum fundi væru lagðar fram skýrslur sóknanna sem draga upp svipmyndir af því sem helst hefur gerst í lífi og starfi safnaðanna frá síðasta héraðsfundi, - þ.e. frá í haust og vissulega eru þeir mánuðir litaðir covid og lokunum. En þess mikilvægara er, sagði hún, að við hugum að því sem framundan er og eigum samtal um það hvernig við lítum til framtíðar, - hvernig við stöndum að þessu vori og tökum upp þráðinn að hausti. Samtalið er svo mikilvægt og umræður um starfið og reynsluna. Það tengir okkur saman presta og sóknarfólk úr prestaköllum prófastsdæmisins og aðstoðar okkur við að eygja nýja möguleika.

Prófastur ræddi hlut sóknarnefndafólks í þeim 52 sóknum sem skipa suðurprófastsdæmi, að þar er mikið mannval sem allt leggst á eitt að leggja kirkjunum sínum lið og styðja við það kirkjustarf sem þar fer fram, vissulega misfjölbreytt, bara eins og sóknirnar eru uppbyggðar og misfjölmennar, en allt ber að sama brunni, - hugurinn sem að baki er, er væntumþykja og virðing fyrir því sem kirkjan stendur fyrir og hún er tákni um í samfélaginu.

Hvað sóknarnefndarformannsskipti varðar þá lét Margrét Baldursdóttir af störfum sem sóknarnefndarformaður í Bræðratungusókn eftir langt árabili og við tók Agnes Geirdal.

Prófastur bauð hana velkomna til starfa, og þakkaði líka sérstaklega fráfaraðni formanni og því sóknarnefndarfólki sem er að kveðja fyrir allt sem það hefur lagt af mörkum í safnaðarstarfi við sínar kirkjur og það þeim blessunar Guðs.

Eins og við vitum, sagði prófastur, þá var ráðingarbann í kirkjunni til síðustu áramóta, en strax í janúarbyrjun voru sóknarpreststöðurnar sem lausar voru auglýstar, bæði Skálholtsprestakall og Víkurprestakall. Og í febrúar völdu valnefndir prestakallanna nýja sóknarpresta skv. nýjum lögum og starfsreglum. Sr. Dagur Fannar Magnússon er nýr sóknarprestur í Skálholtsprestakalli og tók við þjónustunni 1. apríl og sr. Árni Þór Þórsson er nýr sóknarprestur í Víkurprestakalli, verður vígður

annan í páskum og tekur við 15. maí formlega. Hún bauð þá báða innilega velkoma í hóp okkar hér á Suðurlandi og óskaði þeim og fjölskyldum þeirra Guðs blessunar í lífi og starfi.

Í Suðurprófastsdæmi eru 12 prestaköll með 52 sóknum, auk annarra kirkna og kapella sem ekki teljast sóknarkirkjur en athafnir fara fram í, alls rúmlega 60 guðshús. Á þessu ári í covid voru almennar guðsþjónustur í prófastsdæminu voru 333 talsins og að aðrar guðsþjónustur s.s. helgi – og bænastundir 845. Barnaguðsþjónustur og /eða kirkjuskóli og samverur með börnum voru 254. Á suðurlandi voru 306 skírðir, 274 ungmenni fermd, 104 hjónavígslur og 185 útfarir.

Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir hefur verið að vísitera hér á Suðurlandi. Hún hóf yfirreið sína fyrir áramót í Kirkjubæjarklaustursprestakalli og síðan lá leið hennar í Bjarnanesprestakall. Eftir áramót hefur hún vísiterað Odda-, Fellsmúla- og Breiðabólstaðarprestaköll í Rangárþingi og í Árnesþingi Hveragerðis- og Hrunaprestaköll. Og í maí fer hún til Vestmannaeyja. Covid pestinn breytti áætlunum með Árborgar- og Þorlákshafnarprestaköll, en það verður vonandi að hausti komanda sem og Skálholts – og Víkurprestaköll sem ákveðið var að vísitera þegar nýir sóknarprestar hafa komið sér fyrir, kynnt sér og áttað sig á aðstæðum.

Í vísitásiunni heimsótti biskup allar kirkjur og sóknarnefndir í viðkomandi prestakalli, ræddi við presta og sóknarnefndir, organista, meðhjálpara og aðra er tengdust almennu safnaðarstarfi viðkomandi kirkju og funduðum með þeim í kirkjunum sjálfum og leit eftir framkvæmdum, viðhaldi og munaskrá á sérhverjum stað. Hún setti sig inn í það kirkjulega starf sem unnið er við hverja kirkju. Einnig ræddi hún við heimafolk um stöðu kirkjunnar í samfélaginu og framtíðarsýn, um stöðu og þjónustu þjóðkirkjunnar og uppbyggingu trúarlífsins. Biskup prédikaði í einni guðsþjónustu í hverju prestakalli og hafði helgistundir í hinum kirkjunum. Víða var henni líka boðið á staði til að kynna henni hjartsláttinn í samfélaginu og veita henni innsýn inn í það sem fólkið er að starfa við. Hún heimsótti á mörgum stöðum skóla og leikskóla, fór á flestar hjúkrunarstofnanir eða dvalarheimili, henni var boðið í ullarverksmiðju og inn í fjós, og fólk opnaði heimili sín, svo eitthvað sé upptalið. Heimsóknir biskups eru heimafolki dýrmætar og styrkja svo sannarlega stöðirnar og steysta böndin milli þeirra sem um stórnartaumana halda í kirkjunni okkar og þeirra sem starfa úti á hinum dreifða akri og er báðum jafn Mikilvægt sagði prófastur.

Prófastur nefndi að á þessum fundi yrði gefinn góður tími fyrir kirkjupingsmál og kosningar sem verða í vor, til að ræða kirkjuping og hlutverk þess og hvernig hjólin eru að snúast af stað í gangverki nýrra laga og reglna.

Hún ræddi fjármál héraðssjóðsins og tilgang hans. Það hefur ævinlega verið litið svo á að hann sé veltusjóður, þ.e. að úthlutað sé árlega því fjármagni sem inn í hann kemur á ársgrundvelli. Og því hvatti hún til, þegar við trúum því staðfastlega að allt kirkjulegt starf verði eðlilegt á ný bæði í vor og á hausti komanda, að sækja óhikað um í héraðssjóð í verkefni sem eru á grundvelli samstarfs, -samstarfs milli sókna í prestakallinu og samstarfs milli prestakalla. Barna- og æskulýsðstarf, ungmennastarf og kórarstarf hefur ævinlega verið í forgangi sem og námskeið og fræðslufundir hverskonar, sagði prófastur.

Héraðsfundur er uppgjörsfundur þar sem litið er yfir árið sem liðið er, en hann er líka vettvangur þar sem fólk kemur saman og stillir saman strengi sína. Hittist, ræðir saman um verkefni og skyldur, og hvernig við vinnum kirkjunni okkar allt það gagn sem við getum. Lærum af hvert öðru, deilum skoðunum og hugmyndum, hvað hefur reynst vel og hvað ekki. Hvernig við sýnum í verki fyrir hvað kirkjan stendur í samfélaginu okkar, sagði prófastur að lokum.

Ársreikningur héraðssjóðs 2021

Magnús Kristinsson gjaldkeri lagði fram reikninga héraðssjóðs Suðurprófastsdæmis 2021 og gerði grein fyrir þeim. Voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Starfsskýrslur sókna

Starfsskýrslur sókna og presta fyrir árið 2021 voru lagðar fram, og ársreikningar kirkjugarða fyrir árið 2019.

Umræður um skýrslur og starfið

Sr. Guðbjörg Arnardóttir tók til máls og ræddi samstarfsmöguleika Selfossóknar og Árborgarprestakalls.

Óskar Magnússon, Breiðabólstaðarsókn tók til máls og sagðist sakna þess að sóknirnar flyttu ekki skýrslur sínar munnlega líkt og áður hafi verið gert á héraðsfundum í gamla Rangárvallaprófastsdæmi, þó hann skildi vel að nú væru sóknirnar töluvert fleiri. Hann taldi það þó mikilvægt að gefa það ekki alveg eftir. Hann taldi þörf á skoðunarskiptum og las úr nokkrum skýrslum og benti á ákveðinn tón sem skini í gegn. Hann taldi þörf á að halda stöðu sóknanna fram til að gæta stöðu þeirra gegn miðstýrðu kerfi úr Reykjavík. Hann ræddi sóknarsambandið og talaði um lækkun sóknargjaldsins.

Hörður Óli Guðmundsson, Mosfelssókn minntist sr. Egils og þakkaði prófasti að leiða val á nýjum presti Skáholtsprestakalls, en miklar vonir væru bundnar við ungan sóknarprest.

Kirkjupingsmál og kosningar

Drífa Hjartardóttir sagði frá störfum kirkjupings. Í máli hennar kom fram að störf þingsins hafi einkennst af miklum breytingum og jafnframt af þeirri samvinnu og sátt sem náðist um málefni þjóðkirkjunnar. Þá kynnti hún að lagt yrði fyrir næsta kirkjuping tillaga um sameiningu Keldnasóknar og Oddasóknar. Hún greindi frá nýráðunum framkvæmdarstjóra rekstarsviðs Þjóðkirkjunnar, Birgi Gunnarssyni sem hæfi senn störf.

Undir þessum lið kynntu frambjóðendur til kirkjupings sig í stuttu máli.

Anna Runólfsson, Hlíðarendasókn, beindi því til kirkjupingsmanna, að fá fjársýslu ríkisins til að skila skýrara yfirliti yfir sóknargjöld vegna ársreikninga.

Marta Hjaltadóttir, Hrunasókn, hvatti frambjóðendur til kirkjupings að senda kynningarefni til sóknarfólks sem hefði kosningarrétt.

Kosningar

Kosinn var leikmaður til 2 ára í héraðsnefnd (2022 – 2024):

Margrét Jónsdóttir, Syðri-Velli, Gaulverjarbæjarsókn var kosinn aðalmaður og gjaldkeri.

Varamaður var kosin Íris Björk Sigurðardóttir, Oddasókn.

Fulltrúarráð Hjálparstarfs kirkjunnar til 2ja ára (2022 – 2024):

Aðalmaður: Hafsteinn Stefánsson, Túni

Varamaður: Örn Arnarson, Höfn

Endurskoðendur til 2ja ára (2022 – 2024):

Aðalmenn:

Kristófer Arnfjörð Tómasson og

Magdalena Karlotta Jónsdóttir,

Varamaður: Lísá Thomsen.

Æskulýðsefnd til 4 ára (2022-2026):

Aðalmenn:

Gísli Stefánsson, Vestmannaeyjum
Jónna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Gunnar Stígur Reynisson, Höfn
Varamenn í æskulýðsnefnd:
Guðbjörg Arnardóttir, Selfossi
Ingimar Helgason, Kirkjubæjarklaustri,

Önnur mál

Prófastur talaði til Magnúsar Kristinssonar við þessi tímamót þegar hann hætti störfum fyrir prófastsdæmið og þakkaði honum fyrir hans góðu störf hans sem gjaldkeri héraðssjóðsins alveg frá upphafi nýs Suðurprófastsdæmis. Hún þakkaði honum samvinnuna og gegnheila vináttu öll þessi ár og bað honum alls hins besta á komnandi tíð.

Sólveig Þórðardóttir spurðist fyrir varðandi fundargerðir héraðsfunda og óskaði eftir því að sóknunum yrði sendar þær. Halldóra svarði því til að fundargerðirnar væru settar á sudurprofastsdaemi.is, en sjálfsagt væri að senda þær jafnframt til sóknarnefndarformanna.

Axel Árnason Njarðvík tók til máls um prestssetrið í Vík í Mýrdal og um það aðstöðuleysi fyrir sóknarprestinn sem fyrirséð yrði. Hann bar upp ályktun:

Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis haldinn á Hellu 2. apríl 2022 mótmælir þeirri ákvöðun kirkjuþings að heimila sölu á prestssetrinu Ránarbraut 7, Vík í Mýrdal án þess að tryggt sé að annað prestssetur sé keypt en ekki leigt. Í núverandi prestssetri er skrifstofuaðstaða sóknarprests og aðstaða til móttöku skjólstæðinga og það verður að vera tryggt að slíkt húsnæði sé fyrir hendi. Héraðsfundurinn ítrekar við forseta kirkjuþings og framkvæmdarnefnd að prestssetur er grundvöllur prestsþjónustu í dreifbýli og minnir á að niðurlagður Prestssetrasjóður liggur í niðurlögðum Kirkjumálasjóði og er hlutdeild í núverandi framlagi ríkisins til Þjóðkirkjunar. Prestssetrið í Vík á með réttu inni þá fjármuni meðgjafar ríkissins sem þarf til að viðhalda fasteigninni auk leigutekna undanfarinna ára.

Halldóra greindi frekar frá málum prestssetursins í Vík.

Katrín Birna Viðarsdóttir, Ásólfskúlasókn tók til máls og sagði að þessi staða kæmi sér í opna skjöldu. Hún sagði að það vantaði upplýsingaflæði til sóknarnefndarfólks. Taldi að komið væri í bakið á fólki og upplýsingaleysið væri mikið frá Biskupsstofu.

Helga Halldórsdóttir, Víkursókn sagði að það samkomulag sem væri um leiguhúsnæði sóknarprests væri ekki hægt að taka þegjandi ef starfsaðstaða hans eigi að vera í því litla og opna rými sem heimilið væri.

Árni Þór verðandi sóknarprestur sagði frá áhyggjum sínum og lagði til að unnið yrði að því að kaupa nýtt hús á næstu 3 árum.

Hörður Óli Guðmundsson, Mosfellssókn talaði um endurheimt votlendis í Mosfelli og þá grendarkynningu sem í gangi væri. Hann velti því fyrir sér hvort skógrækt á umræddu svæði væri fýsilegra.

Axel Árnason Njarðvík sagði í kjölfarið frá loftslagsverkefnum Þjóðkirkjunnar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson sagði frá þeim vanda sem glímt er við búandi á prestssetri og kallaði eftir myndarskap um viðhald og umhirðu.

Fundarslit

Fundi var slitið kl. 15:07 7. Prófastur þakkaði fundarsetuna og óskaði góðrar heimferðar. Hún nefndi hversu ótrúlega dýrmætt hefði verið að hittast á ný og sjá á ný öll þessi andlit sem vinna kirkjunni heill. Fundarfólk reis á fætur og söng „Son Guðs ertu með sanni“.

Axel Árnason Njarðvík, ritari

Árn Þór Þórsson Víkurprestakall
Svanhvít Sveinsdóttir, Víkursókn
Guðný Guðnadóttir, Víkursókn
Helga Halldórsdóttir, Víkursókn
Jóhanna Jónsdóttir, Skeiðflatarsókn
Katrín Birna Viðarsdóttir, Ásólfskálasókn
Sólveig Þórðardóttir, Villingaholtssókn
Sigurjón Bjarnason, Skarðssókn
Dagur Fannar Magnússón Skálholtsprestakalli
Hörður Óli Guðmundsson, Mosfellssókn
Elínborg Sigurðardóttir, Skálholtssókn
Þorarinn Þorfinnsson, Skálholtssókn
Sigurlaug Angantýsdóttir, Skálholtssókn
Ámundi Kristjánsson, Stóra-Núpssókn
Óskar Hafsteinn Óskarsson, Hrunaprestakalli
Jóna Heiðís Guðmundsdóttir, Hrepphólasókn
Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrunasókn
Marta Ester Hjaltadóttir, Hrunasókn
Hjörleifur Brynjólfsson, Þorláks- og Hjallasókn
Sigríður Munda Jónsdóttir, Þorláksprestakalli
Ingimar Helgason, Kirkjubæjarklaustursprestakalli
Albert Eymundsson, Hafnarsókn
Hjalti Sigurðsson, Marteinstungusókn
Kristín G. Gísladóttir, Úlfjótssvatnssókn
Halldóra h. Guðmundsdóttir Hafnarsókn
Stefanía Anna Sigurjónsdóttir Hafnarsókn
Gunnar Stigur Reynisson, Bjarnanesprestakalli
Anný Ingimarsdóttir, Gaulverjabæjarsókn
Ásdís Jónsdóttir, Stóra-Núpssókn
Sigríður Kristín Helgadóttir, Breiðabólstaðarprestakalli
Guðm. Óskar magnússon, Stórolfshvolskirkju
Anna Runólfssdóttir, Hlíðarendasókn
Óskar Magnússon, Breiðabólstaðarsókn
Haraldur Júlíusson, Akureyjarsókn
Drífa Hjartadóttir, Keldnasókn
Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir, Skarðssókn
Guðbjörg Arnardóttir, Árborgarprestakall
Íris Björk Sigurðardóttir, Oddasókn
Gunnar Jóhannesson, Árborgarprestakalli
Þórunn Ragnarsdóttir, Árbæjarsókn
Kristján Björnsson, Skálholti
Elína Hr. Kristjánsdóttir, Oddaprestakalli
Guðmundur Ingi Guðjónsson, Eyrarbakkasókn
Björn Ingi Gíslason, Selfosssókn

Elín A. Valdimarsdóttir, Prestsbakkasókn
Díana Ágústsdóttir, Eyvindarhólasókn
Magðalena Karlotta Jónsdóttir, Eyvindarhólasókn
Lísa Thomsen, Mosfellssókn
Magnús Kristinsson, Ofanleitissókn
Halldóra J. Þorvarðardóttir, prófastur